

# Skóla- og æskulýðsstefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps

## Formáli

Skóla- og æskulýðsstefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps er leiðarvísir að skipulagi faglegs uppeldisstarfs í sveitarfélögunum. Viðkomandi stofnunum er ætlað að taka mið af henni í allri starfsemi sinni. Nokkrar megináherslur eru lagðar til grundvallar í stefnunni. Sveitarfélögin leggja áherslu á að reka metnaðarfullt skóla- og æskulýðsstarf með lýðræðisleg sjónarmið að leiðarljósi. Áhersla er lögð á fjölbreytileika einstaklinga og að öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks sé ávallt í fyrirrúmi. Hvatt er til og ýtt undir samstarf stofnana en um leið er hverri stofnun skapað svigrúm til að viðhalda menningarlegum sérkennum.



# Leik- og grunnskólar

## Nám og kennsla

Fjölbreytni í námi og kennsluháttum er undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda.

Markmið:

- Boðið verði upp á fjölbreytt nám og kennsluhætti með áherslu á samfélag, náttúru, íþróttir, og list- og verkgreinar.
- Áhersla skal lögð á nýsköpun og að nám virki skapandi og hvetji til gagnrýninnar hugsunar nemenda.
- Að þroska og virkja nemendur í sjálfsnámi og samvinnu.
- Markmiðum aðalnámskrár verði náð með fjölbreyttum leiðum og með einstaklinginn í forgrunni.
- Samstarf milli skóla og skólastiga verði eflt.





## Umhverfi og útivist

Náttúra og umhverfi skipa stóran sess í starfi skólanna og því er lögð áhersla á fjölbreytta samþættingu umhverfis og útivistar við nám.

Markmið:

- Vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð á náttúru og umgengni við landið, svo það verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi þeirra.
- Skólar verði leiðandi í umhverfis-, náttúru- og vistvænni kennslu og kennsluáðferðum.
- Atvinnugreinar, nærumhverfi og sérstaða samfélagsins verði nýtt til náms.





## Aðbúnaður

Öryggi og velferð er mikilvægur þáttur í öllu skólstarfi, góður aðbúnaður skiptir þar meginmáli.

Markmið:

- Húsnæði og umhverfi skóla uppfylli þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Eðlilegt viðhald og endurnýjun verði á húsnæði, húsbúnaði og tækjabúnaði skólanna.
- Unnið verði að því að öll aðstaða til náms og kennslu uppfylli lagalegar kröfur.
- Öryggi nemenda verði ávallt tryggt hvort heldur sem er í skóla, á skólalóð eða í skólaakstri.



## Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan nemenda og starfsfólks er mikilvægur þáttur til að ná góðum árangri í námi og kennslu.

Markmið:

- Mötuneyti starfi samkvæmt mannelisismarkmiðum og hafi gæði og hollustu að leiðarljósi.
- Hver stofnun marki sér stefnu og aðgerðaráætlun um hvernig best sé stuðlað að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna og nemenda
- Hver stofnun marki sér stefnu og aðgerðaráætlun varðandi einelti, jafnrétti, ávanabindandi efni og annað sem reglugerðir segja til um.



## Vinátta og virðing

Vinátta, virðing og umburðarlyndi eru grunnstoðir mannlegra samskipta, því þarf skólasamfélagið að stuðla að jafnvægi í samskiptum nemenda og starfsfólks.

Markmið:

- Efla samheldni innan skólans og tengsl við samfélag og umhverfi.
- Stuðla að umburðarlyndi og virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum.
- Leggja rækt við jákvæð viðhorf og lífsgleði nemenda og starfsfólks.
- Nemendur séu öruggir og líði vel í skólanum þar sem borin er virðing fyrir sérkennum og hæfileikum hvers og eins.



## Lýðræði í skólastarfi

Nauðsynlegt er að stuðla að samábyrgð, meðvitund og virkni allra í lýðræðislegu skólastarfi.

Markmið:

- Efla lýðræðislega þátttöku nemenda, foreldra og kennara í skólastarfi með samábyrgð að leiðarljósi.
- Stuðla að jákvæðum og upplýstum samskiptum milli skóla og heimilis.





## Starfsfólk

Vel menntað og hæft starfsfólk er undirstaða góðs og faglegs skólastarfs.

Markmið:

- Til sé virk símenntunaráætlun.
- Fagþekking hvers og eins sé nýtt eins og best verður á kosið.
- Vinna markvisst að gagnkvæmri endurgjöf og hvatningu í starfi meðal starfsmanna.
- Sveitarfélögin marki stefnu í starfsmannamálum skóla- og æskulýðsstarfs.



# Æskulýðsstarf

## Fræðsla

Fræðsla er mikilvægur þáttur í öllu æskulýðsstarfi.

Markmið:

- Virkja börn og ungmenni til þátttöku í fjölbreyttum verkefnum þar sem áhersla er á gagnrýna hugsun.
- Efla samstarf við innlendar og erlendar félagsmiðstöðvar.
- Nýta vel tækifæri til vettvangs- og tómstundaferðalaga.
- Bjóða upp á forvarnarfræðslu í samræmi við forvarnarstefnu sveitarfélaganna.
- Miðla upplýsingum til foreldra og forráðamanna.
- Efla samstarf milli allra aðila sem koma að félags- og tómstundastarfi barna og ungmenna.





## Aðbúnaður

Öryggi og velferð er mikilvægur þáttur í æskulýðsstarfi.

Markmið:

- Aðstaða og aðbúnaður í húsnæði til félags- og íþróttastarfs verði eins góður og kostur er á hverjum tíma.
- Öryggi þátttakenda sé ávallt tryggt í ferðum í skipulögðu félagsstarfi.

## Heilbrigði og vellíðan



Líkamlegt heilbrigði og andleg vellíðan eru undirstaða þess að allir geti blómstrað í daglegu starfi.

Markmið:

- Styðja við mótun jákvæðs viðhorfs og heilbrigðrar sjálfsmyndar í daglegu starfi.
- Starfsfólk æskulýðsstarfs séu jákvæðar fyrirmyndir í leik og starfi.
- Manneldismarkmið séu höfð til hliðsjónar í skipulögðum ferðum og öðru æskulýðsstarfi.
- Veita ungmennum tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar með þátttöku í óhefðbundnum og hefðbundnum íþróttum þannig að allir fái eitthvað við sitt hæfi.
- Félagsmiðstöð marki sér stefnur og aðgerðaráætlanir varðandi einelti, jafnrétti og ávanabindandi efni.



## Vinátta og virðing

Vinátta, virðing og umburðarlyndi eru grunnstoðir mannlegra samskipta. Því þarf að nota hvert tækifæri til að stuðla að jafnvægi í öllum samskiptum.

Markmið:

- Efla samkennd og vináttu á meðal barna- og ungmenna.
- Stuðla að því að börn og ungmenni beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- Stuðla að umburðarlyndi gagnvart margbreytileika mannlífsins og ólíkri menningu.
- Laða fram styrkleika hvers einstaklings svo allir fái notið sín á eigin forsendum.



## Frelsi og þátttaka

Virk þátttaka og tækifæri til að hafa áhrif hvetur ungmenni til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Markmið:

- Stuðla að þátttöku í æskulýðsstarfi á landsvísu og hvetja ungmenni til virkrar þátttöku í sem flestum viðfangsefnum og verkefnum.
- Almennt sé tekið tillit til og hlustað á skoðanir allra og vettvangur skapaður fyrir jákvæð skoðanaskipti.



## Starfsfólk

Vel menntað og hæft starfsfólk er undirstaða góðs og faglegs æskulýðsstarfs.

Markmið:

- Mörkuð verði stefna um menntun og hæfni starfsfólks í æskulýðsstarfi á vegum sveitarfélaganna.



## Útskýringar



Sameiginleg skóla- og æskulýðsstefna Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps var unnin í framhaldi af sameiginlegu skólaþingi sem haldið var í apríl 2012. Þar settust nemendur, starfsfólk, foreldrar og annað áhugafólk um skólamál niður og ræddu framtíðarsýn skóla- og æskulýðsmála í sveitarfélögunum.

Við vinnu skóla- og æskulýðsstefnu voru gildandi skólustefnur hafðar til hliðsjónar ásamt þeim áherslum og ábendingum sem fram komu á skólaþingi.

Skóla- og æskulýðsstefna er leiðarvísir sem viðkomandi stofnunum ber að taka mið af í daglegu starfi.

Skóla- og æskulýðsstefnan er á ábyrgð fræðslunefnda sveitarfélaganna sem bera ábyrgð á kynningu, framkvæmd og eftirfylgni.